

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

#### 3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 4. gr.

Sorphirðugjald	pr. íbúð	64.531 kr.
Aukatunna svört	pr. ígildi 240 l sorptunnu	20.804 kr.
Aukatunna blá	pr. ígildi 240 l sorptunnu	10.121 kr.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

#### 5. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

#### 6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 5. desember 2022 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 7. desember 2022. Gjaldskráin er birt í Stjórnartíðindum og tekur gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1608/2021 úr gildi.

*Hafnarfirði, 19. desember 2022.*

**Rósa Guðbjartsdóttir** bæjarstjóri.